

17. fundur sveitarstjórnar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps þriðjudaginn 14. apríl og hófst hann kl. 15:00.**Fundinn sátu:**

Egill Sigursson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund og lagði til breytingu á dagskrá. Við bætist undir lið 8. Fundargerðir, undirliðurinn p) 2. Fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 13. apríl sl.

Dagskrá:**1. Ársreikningur 2014.**

Á fundinn mætti Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi og skýrði hann ársreikning og svaraði spurningum sveitarstjórnarmanna.

Rekstraniðurstaða Ásahrepps 2014 var jákvæð um 54,7 milljónir, sem er 21,6 milljóna betri afkoma en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Skatttekjur voru 27,3 milljónir umfram áætlanir ársins. Rekstragiöld ársins voru í allgóðu jafnvægi miðað við áætlanir ársins, frávik launakostnaðar skýrist af stærstum hluta vegna kostnaðar við starfslok fyrrverandi oddvita. Eigið fé Ásahrepps samkvæmt ársreikningi 2014 er 309,7 milljónir.

Oddviti leggur til að ársreikningi 2014 verði vísað til síðari umræðu.

Samþykkt

Einar vikur af fundi kl. 16:00.

2. Fundargerð 15. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 24. mars yfirfarin.

5. liður þarfnast leiðréttingar. Í stað Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu á að standa Stjórn félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Samþykkt

3. Fundargerð 16. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 10. mars yfirfarin.**4. Ljósleiðari staða mála.**

Kl. 17:00 mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri og kynnti verkefnið.

Á grundvelli kynningu verkefnistjóra á undirbúningi á ljósleiðaraverkefninu ákveður sveitarstjórn að fram fari verðkönnun á því efni sem þarf til verkefnisins. Einnig felur sveitarstjórn verkefnisstjóra að afla verðtilboða í gerð útboðsgagna og hefja undirbúning að gerð þeirra.

Stefnt að íbúafundi 23. maí n.k.

Guðmundi er þökkuð greinargóð kynning.

Guðmundur vikur af fundi kl: 18:40.

5. Nefndir.

Sigurlaug Steingrímsdóttir Hárlaugsstöðum skipuð varamaður í Öldungaráð. Samþykkt.

6. Vanskilakröfur.

Sveitarstjóra falið að setja kröfur í formlega innheimtu. Samþykkt

7. Tæming rotþróa.

Oddviti kynnir drög að verksamningi við Holræsa og stíflupjónustu Suðurlands ehf um tæmingu og skráningu rotþróa. Verkaupi skal skaffa Ipad eða annað tæki sem tæknimaður samþykkir til uppsetningar forrits í verkið svo skráning rotþróa geti farið fram samhliða tæmingu.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að útbúinn verði grunnur með staðasetningum á rotþróum. Sveitarstjóra falið að fá tæknimann í verkið og ganga frá samningum við Holræsa- og stíflubjónustu Suðurlands ehf. Samþykkt.

8. Fundargerðir:

a) 5. Fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn á Laugalandi, fimmtudaginn 19. mars sl. liður 5. 1501060, 6. 1503063 og 9. 1503033 þarfnast umfjöllunar.

5. 1501060 - Sumarfrí á leikskólum áætlun um sumarlokanir

Sumarlokun Leikskólans á Laugalandi árið 2016 verði frá 27 júní til 29 júlí.

Samþykkt

6. 1503063 - Erindi frá leikskólastjórum Heklukots og Laugalands.

Tillaga er frá leikskólastjórum um að það verði skoðað að aðlögun ungra barna verði að öllu jöfnu á haustin og um áramót til að létta álagi hjá jafnt börnum sem starfsfólki. Jafnframt er ljóst að það er mikil eftirspurn eftir leikskólalássi og þörf á því að leita leiða til að geta tekið við fleiri börnum. Lagt er til að málið verði skoðað áfram í samhengi við fjárhagsáætlanir innan sveitarstjórna.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslur fræðslunefndar.

9. 1503033 – Sunnlenski skóladagurinn

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auka starfsdegi verði bætt inn hjá skólunum til að taka þátt í hinum Sunnlenska skóladegi árið 2016.

Jafnframt er tillaga um að Skólabjónustu Rangárvallasýslu- og V-Skaftafellssýslu verði fengið það hlutverk að leiða undirbúning Sunnlenska skóladagsins fyrir hönd okkar svæðis.

Samþykkt og sveitarstjóra falið að koma þessu á framfæri við undirbúningsnefnd.

b) Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps -fundur 5

Lagt fram til kynningar

c) Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps -fundur 6

Lagt fram til kynningar

d) Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps -fundur 7

Lagt fram til kynningar

e) Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps -fundur 8

Lagt fram til kynningar

f) Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps -fundur 9

Lagt fram til kynningar

g) Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps -fundur 10

Lagt fram til kynningar

h) Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps -fundur 11

Lagt fram til kynningar

i) 14. Fundur stjórnar Félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Lagt fram til kynningar

j) 23. Fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Frá 30. mars sl.

Lagt fram til kynningar

k) 24. Fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 23. mars sl. liður 2.A og 2.D þarfnast staðfestingar.

2.A Hækkun greiðslu til stuðningsfjölskylda í barnavernd vegna sólarhringsvistanna.

Samþykkt

2.D Framkvæmdaráætlun Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu í barnavernd 2014-2018.

Samþykkt

l) 86. fundur Skipulagsnefndar haldinn 12. mars sl.

Lagt fram til kynningar

m) 87. fundur Skipulagsnefndar haldinn 30. mars sl. mál nr. 24 þarfnast umfjöllunar.
Mál nr. 24. Berustaðir 2 165270: Umsókn um byggingarleyfi: Fjós – viðbygging – 1503036.

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir stækkun fjóss. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að falla frá grenndarkynningu skv. 3 mgr. 44. gr. Þar sem fyrirhuguð framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins.

Egill Sigurðsson sat hjá við afgreiðslu þessa máls.

n) 165. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 26. mars sl.

Lagt fram til kynningar

o) 7. verkfundur, Lundur hjúkrunar- og dvalarheimili – viðbygging, uppsteypa og frágangur utanhúss haldinn 27. mars sl.

Lagt fram til kynningar

p) 2. Fundur samráðsnefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps, haldinn 13. apríl sl. 12 liður þarfnast umfjöllunar.
12. 1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna

Viðræðunefndin leggur til að haldinn verði sameiginlegur opinn íbúafundur þar sem fram færi kynning á vinnu viðræðunefndarinnar og umræður um útfærslu verkefna. Einnig gæfist þar kostur á að svara þeim spurningum sem helst brenna á íbúum varðandi framtíðarfyrirkomulag hinna sameiginlegu verkefna. Lagt er til að þessi fundur verði haldinn laugardaginn 9 maí n.k. kl 11:00-14:00 í Íþróttamiðstöðinni á Laugalandi. Auk fulltrúa úr viðræðunefndinni verði sérfræðingar KPMG á sviði endurskoðunar og sveitarstjórnarlaga með framsögu.

Jafnframt er lagt til að nefndinni verði falið að starfa áfram. Í næsta áfanga verði farið nákvæmar ofan í kostnað við mismunandi útfærslur auk frekari greininga (t.d. SVÓT). Jafnframt telur nefndin mikilvægt á þessum tímapunkti að kalla að verkinu sérstakan verkefnastjóra. Nefndinni verði falið að tilnefna verkefnisstjóra til verksins og leggja fram kostnaðaráætlun fyrir sveitarstjórnirnar. Stefnt er að því að niðurstöður þessa áfanga liggi fyrir í lok júnímánaðar 2015.

Samráðsnefnd sveitarfélaganna samþykkir ofangreindar tillögur samhljóða.

Sveitarstjórn staðfestir bókun

7. Erindi til sveitarstjórnar:
a) Fyrirspurn frá Renate Hannemann um fundargerð 15. fundar sveitarstjórnar Ásahrepps 2015. Í erindinu óskar Renate eftir skýringum á því af hverju henni var skipt út úr nefndum á vegum sveitarfélagsins og hvort sveitarstjórn vilji að hún starfi áfram í skólanefnd Tónlistarskóla Rangæinga.

Fyrir liggur að í stað Renate Hannemann hafa verið skipaðir nýir aðalmenn í Atvinnu- og ferðamálanefnd, Fræðslunefnd Ásahrepps og Rangárbings ytra og nýr varamaður í Stjórn félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Sveitarstjórn Ásahrepps þakkar Renate fyrir vel unnin störf í nefndum sveitarfélagsins. Breytingin var gerð á grundvelli bókunar Renate á 14. fundi sveitarstjórnar Ásahrepps 30. janúar síðastliðinn lið 8. f.

„Renate Hannemann telur sig ekki geta sinnt störfum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og óskar því lausnar frá sveitarstjórn til loka kjörtímabilsins, sbr. 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga.“ Renate Hannemann vék af fundi. Sveitarstjórn samþykkir afsögnina og þakkar Renate Hannemann fyrir góð störf í þágu Ásahrepps. Brynja Jóna Jónasdóttir tekur sæti Renate Hannemann sem aðalmaður.

Varðandi Stjórn Tónlistarskóla Rangæinga bendir sveitarstjórn á að nefndin heyrir undir Héraðsnefnd Rangæinga.

b) Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. sem haldinn verður 16. apríl n.k.

Samþykkt er að Egill Sigurðsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum.

c) Dagur Myndlistar árið 2015. Að deginum stendur Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) en dagurinn, sem nú hefur dreift sér yfir fleiri vikur, vekur athygli og eykur þekkingu á starfi myndlistarmannsins.

Hafnað

- d) **Beiðni um styrk frá nemendum í þýskuáfanga á þriðja ári Menntaskólans á Laugarvatni vegna ferðar þeirra til Þýskalands.**
Hafnað
- e) **Fréttablaðið Neistinn. Beiðni um auglýsingu eða kveðju. Neistinn á 20 ára afmæli þegar blaðið kemur út næst. Í blaðinu verða rifjaðir upp merkir áfangar í starfi Neistans og verður blaðið ríkulega myndskreytt.**
Samþykkt að styrkja um 9.000 kr.
- f) **Umsókn frá Símoni Teitssyni um samning vegna refa- og minkaveiða á Búðarhálsi.**
Hafnað
- g) **SASS. Menntaþing.**
Oddviti kynnti fyrirkomulag fyrirhugaðra menntaþinga á Suðurlandi.
Sveitarstjórn leggur áherslu á að kraftar Skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu verði nýttir sem leiðandi afl í undirbúningi menntaþings hér á okkar svæði. Jafnframt vill sveitarstjórn undirstrika mikilvægi þess að gera iðnnámi hátt undir höfði í tengslum við slíkt menntaþing.
Samþykkt og sveitarstjóra falið að koma þessu á framfæri við undirbúningsnefnd.
- h) **Umsókn frá Ástu B. Ólafsdóttur og Gísla Sveinssyni Miðási um styrk vegna frekari markaðssetningar fyrir árið 2015.**
Vegna ljósleiðarverkefnis á yfirstandandi ári var ekki gert ráð fyrir styrkjum af þessu tagi.
Erindinu hafnað
- i) **Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna íbúaskrár Ásahrepps 1. desember 2014.**
Samkvæmt íbúaskránni þann 1. desember 2014 er íbúafjöldi sveitarfélagsins 216.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við íbúaskrána.

Til kynningar:

- A. 163. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 26. mars sl.
- B. 182. fundur skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 20. jan sl.
- C. Hvernig metum við hið ómetanlega? Auðlindir og nýting þeirra. Guðbrandsstofnun í samstarfi við Ferðamálastofu, Landvernd og Orkustofnun standa að ráðstefnu um náttúruna og auðlindanýtingu. Ráðstefnan verður haldin á Hólum í Hjaltadal 16.- 17. apríl.
- D. HSK: Þakkarbréf vegna héraðsþings HSK á Flúðum 15. mars. s.l.
- E. Fréttabréf minjastofnunar Íslands 2015:3
- F. 827. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 27. mars sl.
- G. Helstu verkefni á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs vor/sumar 2015
- H. Héraðssamband Skarphéðins ársskýrsla 2014
- I. Sunnlenski skóladagurinn 2016, kynningarfundur
- J. Virkjum hæfileikan-alla hæfileikana!
- K. Samband íslenskra sveitarfélaga, Landsþing 17. apríl n.k.
- L. Lánasjóður sveitarfélaga, aðalfundur 17. apríl n.k.
- M. Forsætisráðuneytið, málefni þjóðlendna 18. maí n.k.
- N. Vatnajökulsþjóðgarður, tillaga að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun.
- O. Rarik ársskýrsla 2014.
- P. Félag íslenskra félagsliða. Kynningarbæklingur.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt
Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 21:00